

**651. fundur skipulags- og mannvirkjanefndar  
haldinn í fundarsal bæjarstjórnar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði, þriðjudaginn 29.  
apríl 2025 og hófst hann kl. 14:00.**

**Fundinn sátu:**

Jóna Símónía Bjarnadóttir aðalmaður, Steinunn Guðný Einarsdóttir aðalmaður, Nanný Arna Guðmundsdóttir formaður, Finney Rakel Árnadóttir varamaður og Kristján Þór Kristjánsson varamaður.

**Embættismenn:**

Axel Rodriguez Överby, sviðsstjóri umhverfis- og eignasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Axel Rodriguez Överby, Sviðsstjóri Umhverfis- og eignasviðs.

Erla Margrét Gunnarsdóttir sat fund sem gestur.

**Dagskrá:**

**1. Tunguskeið, Skutulsfirði. Nýtt deiliskipulag á svæði Í2 - 2024090115**

Gunnar Páll Eydal, ráðgjafi hjá Verkís ehf. mætir til fundar til að ræða valkosti um útfærslu deiliskipulags á svæði Í2 á Tunguskeiði.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd þakkar Gunnari Páli hjá Verkís hf., fyrir góða kynningu.*

**2. Miðbær Ísafjarðar. Deiliskipulag - 2023050086**

Lagt fram minnisblað Verkís hf., dags. 14. nóv. 2023, en minnisblaðið var áður lagt fram á fundi nefndarinnar þann 15. nóv 2023. Í minnisblaði er farið yfir lóðir sem hægt væri að úthluta á grundvelli núgildandi skipulags.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd óskar eftir því að skoðaðir verði fleiri möguleikar og minnisblað Verkís verði uppfært.*

**3. Frístundasvæði F21 í Dagverðardal, breyting á deiliskipulagi - 2025040135**

Lagt fram erindi Jóns Grétars Magnússonar sem barst í tölvupósti þann 10. apríl 2025, þar sem óskað er eftir því að gera breytingu á deiliskipulagi frístundalóða í Dagverðardal.

Breytingin sem lögð er til felur í sér að fjórar lóðir breytast úr gulum (frístundalóðir) í appelsínugulan lit (frístundalóðir til útleigu) og að fjórum lóðum verði breytt úr appelsínugulum (frístundalóðir til útleigu) í gulan (frístundalóðir). Hlutfallið milli gulu svæðanna (frístundalóðir) og appelsínugulu svæðanna (frístundalóðir til útleigu) helst þar með óbreytt, í samræmi við ákvæði í grein 4.3 deiliskipulagsins.

*Skipulags og mannvirkjanefnd telur breytinguna óverulega þar sem ekki eru breytingar á nýtingarhlutfalli, formi og eða útliti. Breytingin hefur ekki áhrif á*

*neina aðra en framkvæmdaáðila og telur nefndin ekki þörf á að grenndarkynna breytinguna þar sem ekki eru aðrir hagsmunaaðilar í málinu. Leggur því nefndin til við bæjarstjórn að samþykkja breytingu á uppdrætti í samræmi við 2. mgr. 43. greinar skipulagslaga.*

**4. Kerfisáætlun 2025-2034, umhverfismat áætlana. Umsagnarbeiðni - 2025040137**

Lögð fram til kynningar tilkynning úr Skipulagsgátt þar sem Skipulagsstofnun óskar eftir umsögn Ísafjarðarbæjar vegna kerfisáætlunar Landsnets 2025-2034, 509. mál, kynning umhverfismatsskýrslu (umhverfismat áætlana).

Í kerfisáætlun fjallar Landsnet um hvernig skuli þróa og endurnýja flutningskerfi raforku. Kerfisáætlun er ætlað að tryggja að vel sé staðið að þróun flutningskerfisins, ákvarðanatákan byggi á bestu tiltæku þekkingu og sé opin og aðgengileg hagaðilum.

Kynningartími er frá 9. apríl 2025 til 31. maí 2025.

*Gögn lögð fram til kynningar, en nefndin frestar afgreiðslu umsagnar skv. beiðni til næsta fundar.*

**5. Tillaga að rekstrarleyfi Arctic Smolt hf. Norðurbotni, Tálknafirði - 2025040125**

Lagður fram til kynningar, tölvupóstur frá frá Steinar Rafn Beck Baldurssyni hjá Matvælastofnun dags. 9. apríl 2025 þar sem stofnunin hefur unnið tillögu að rekstrarleyfi Arctic Smolt hf. Norðurbotni í Tálknafirði. Um er að ræða nýtt rekstrarleyfi fyrir 2.400 tonna hámarkslífmassa vegna seiðaeldis á laxi og regnbogasilung. Rekstraraðili er með leyfi fyrir allt að 1.000 tonna hámarkslífmassa að Norðurbotni.

Framkvæmdin var tilkynnt til Skipulagsstofnunar sem mat það svo að fyrirhuguð framkvæmd væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif. Framkvæmdin væri því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Athugasemdir við tillöguna skulu vera skriflegar og sendar Matvælastofnun á mast@mast.is merkt 2207115. Frestur til að skila inn athugasemdum er til og með 8. maí 2025.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd gerir ekki athugasemdir við útgáfu rekstrarleyfis.*

**6. Svæðisskipulag vestfirskra sveitarfélaga - 2022110080**

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 15. og 16. fundar svæðisskipulagsnefndar, en fundir voru haldnir 10. mars og 31. mars 2025.

*Lagt fram til kynningar.*

**7. Brekkugata 7 - Umfangflokkur 2 - 2025030179**

Lögð er fram umsókn Gunnlaugs Björns Jónssonar um byggingarleyfi f.h.

Garðagleði ehf. Sótt er um leyfi til að stækkunar húsnæðis á þann veg að þakhæð sé byggð á núverandi hús, með stiga á milli hæða. Eins stendur til að klæða húsið með bárujárn. Jafnframt er lagður fram aðaluppdráttur frá Gingi teiknistofu ásamt jákæðri umsögn Minjastofnunar vegna framkvæmdanna. Óskað er eftir álitni nefndarinnar með vísan til mögulegrar þarfar á grenndarkynningu.

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til að framkvæmdin verði grenndarkynnt fyrir eigendum fasteigna við Brekkugötu 5, 6 og 8, ásamt Fjarðargötu 10a, skv.2. mgr. 44.gr. skipulagslaga.*

#### **8. Útgáfa ferlisleiðbeininga fyrir skipulagsgerð - 2025020075**

Lagður fram tölvupóstur frá Skipulagsstofnun, dags. 5. mars 2025 þar sem stofnunin hefur unnið að innleiðingum stafræns deiliskipulags, meðal annars með gerð gagnalýsingar og leiðbeininga auk funda um innleiðingu og innihald gagna.

Jafnframt er lagður fram tölvupóstur frá Skipulagsstofnun þar sem stofnunin vill vekja athygli á námskeiðum og lausnum til þeirra sem vinna með GIS gögn og CAD teikningar, dags. 27. mars 2025.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **9. Útgáfa ferlisleiðbeininga fyrir skipulagsgerð - 2025020075**

Lagður fram tölvupóstur frá Skipulagsstofnun, dags. 4. apríl 2025 þar sem stofnunin hefur unnið að þróun gátlista sem er m.a. ætlað að nýttast skipulagsfulltrúum við yfirferð skipulags áður en gögn eru lögð fram í Skipulagsgátt til afgreiðslu hjá Skipulagsstofnun. Einnig geta þeir nýst skipulagsráðgjöfum við undirbúning skipulagsáætlana.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **10. Umhverfismatsdagurinn 2025 - 2025040139**

Lagður fram tölvupóstur frá Skipulagsstofnun, dags. 11. apríl 2025 þar sem stofnunin kynnir Umhverfismatsdaginn, sem verður haldinn þann 5. júní í Nauthól og í beinu streymi.

Umhverfismatsdagurinn er árleg ráðstefna um umhverfismat, þar sem fjallað er um það sem efst er á baugi í málaflokknum hverju sinni.

*Lagt fram til kynningar.*

#### **11. Landsskipulagsstefna 2024-2038. Útgáfa stefnu eftir landfræðilegri skiptingu - 2025040121**

Lagður fram til kynningar, tölvupóstur dags. 9. apríl 2025 frá Skipulagsstofnun vegna útgáfa á Landsskipulagsstefnu 2024-2038 ásamt fimm ára aðgerðaráætlun fyrir árin 2024-28.

Útgáfunni er ætlað að gera efni stefnunnar aðgengilegra þeim sem vinna að framfylgd hennar, sveitarfélögum, ráðgjöfum og öðrum þeim sem hafa áhuga á eða koma að skipulagsgerð.

*Lagt fram til kynningar.*

**12. Alþjóðleg ráðstefna um ofanflóðavarnir - SNOW25 á Ísafirði - 2025040138**

Lagður fram tölvupóstur frá Skipulagsstofnun, dags. 14. mars 2025 þar sem stofnunin vill vekja athygli á ráðstefnu um ofanflóðavarnir sem verður haldin á Ísafirði 30. september til 3. október 2025, en stofnunin er hluti af hópi skipuleggjenda.

Ráðstefnan SNOW2025 er alþjóðleg ráðstefna um ofanflóðavarnir og ber nafnið:?

"The International Symposium on Mitigation Measures against Snow Avalanches? and other Rapid Gravity Mass Flows".

*Skipulags- og mannvirkjanefnd leggur til við nefndarmenn, bæjarfulltrúa og starfsmann nefndar að kynna sér efni ráðstefnunnar.*

**13. Suðurtangi 24 - jarðvegsrannsókn - 2024080097**

Lagt fram minnisblað Eflu ehf. dags. 23. apríl 2025 um niðurstöður gasmælinga á Suðurtanga 24.

Niðurstöður eru á þann veg að mælingar gefa með öðrum orðum til kynna að það sé annaðhvort mjög lítið magn lífræns efnis sem undirgengst niðurbrot á þessu dýpi og/eða að niðurbrotið sé á lokastigum. Gassamsetningin í holunum er miklu nær gassamsetningu andrúmslofts þar sem styrkur koldíoxíðs er almennt vel innan við 0,1%.

*Lagt fram til kynningar*

**14. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 83 - 2504010F**

Lögð fram til kynningar fundargerð 83. afgreiðslufundar byggingarfulltrúa, sem var haldinn 14. apríl 2025.

*Lagt fram til kynningar.*

**Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 15:30**

---

Jóna Símónía Bjarnadóttir

---

Steinunn Guðný Einarsdóttir

---

Nanný Arna Guðmundsdóttir

---

Finney Rakef Arnadóttir

---

Kristján Þór Kristjánsson

---

Axel Rodriguez Överby